

Mál nr. 187/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/flutningabifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/bifhjólsins B

Árekstur hringtorgi við gatnamót Suðurlandsvegar og Breiðholtsbrautar 27.04. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.06. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.06. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 22.06. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vísar til þess að eftir að ökumaður B hafi farið inn í hringtorgið hugðist hann beygja til hægri út úr því strax við fyrstu gatnamót. Vegna stærðar A hafi ökumaður hennar þurft að velja hægri akrein (ytri akrein) í hringtorginu. “Að öðrum kosti hefði eftirvagn skorið torgið”. Ökumaður A hafi ekki átt von á ökutæki á innri akrein í þessu tilviki.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur sennilegt að ökumaður bifhjólsins hafi ætlað að nota hringtorgið til að fara framúr flutningabifreiðinni (A). Félagið vísar til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 140/2009.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. A hafi átt að vika fyrir B.

Álit.

Það hringtorg sem hér er til umræðu hefur þá sérstöðu að algengt er að ökumenn velji innri hring þess þó að þeir ætli út úr hringtorginu við fyrstu gatnamót. Hafa ber og hugfast að ökumaður A vissi af bifhjólum sem á eftir komu en nokkur hópur þeirra var í samfloti.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum. Bifreiðinni var ekið um ytri akrein hringtorgsins og átti ökumaður hennar því að vika fyrir umferð um innri hring þ. á m. fyrir B. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð á árekstrinum, hann átti að gæta aukinnar aðgæslu miðað við aðstæður. Ökumanninum mátti vera ljóst að flutningabifreiðin hugðist beygja til vinstri á hringtorginu.

Að teknu tilliti til ofanritaðs, fyrirliggjandi gagna, þ. á m. ákomu á bifreiðunum og aðstæðna á vettvangi, ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 7. júlí 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.